

Greinargerð
gerðarþola í lögbannsmálinu,
íslenska ríkið
gegn
Landeigendafélagi Geysis ehf.

Málflutningsumboð:

Undirritaður lögmaður, Hjörleifur B. Kvaran, hrl., Nordik lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir gerðarþola, Landeigendafélag Geysis ehf., kt. 510912-0630, Haukadal, 801 Selfossi og eftirtalda eigendur sameignarlandsins á Geysissvæðinu:

Suðurgafli ehf., kt. 460112-0870, Vorsabæ 1, Reykjavík, eigandi 14,4675% sameignarlandsins,

Már Sigurðsson, kt. 280445-2239, Haukadal 4, Bláskógabyggð, eigandi 14,4675% sameignarlandsins,

Þórir Sigurðsson, ehf., kt. 700606-1040, Haukadal 3, Bláskógabyggð, eigandi 14,4675% sameignarlandsins,

Kristín Sigurðardóttir, kt. 180340-4759, Haukadal 2, Bláskógabyggð, eigandi 14,4675% sameignarlandsins,

Minningarsjóður Ársæls Jónassonar, kt. 690695-2359, Réttarholti 6, Selfossi, eigandi 5,6168% sameignarlandsins,

Vigdís Guðfinnsdóttir, kt. 081027-3159, Asparfelli 6, Reykjavík, eigandi 2,8083% sameignarlandsins,

Pétur Guðfinnsson, kt. 140829-3909, Strikinu 2, Garðabæ, eigandi 2,8083% sameignarlandsins,

Margrét Sigríður Pálsdóttir, Brúnavegi 3, Reykjavík, eigandi 2,8083% sameignarlandsins og Gunnlaugur Pálsson, kt. 270943-2689, Bröttugötu 1, Kópavogi, eigandi 2,8083% sameignarlandsins.

Dómkröfur:

Gerðarþoli og þeir sem hann sækir rétt sinn til krefjast þess sýslumaðurinn í Árnassýslu synji kröfu íslenska ríkisins um að lagt verði löbann við því að forsvarsmaður Landeigendafélags Geysis ehf. innheimti gjald af ferðamönnum inn á Geysissvæðið, þ.e. inn á hverasvæðið við Geysi í Haukadal, Bláskógabyggð.

Málavextir:

Gerðarþolar eru eigendur 74,72% hverasvæðisins við Geysi í Haukadál en svæðið er í óskiptri sameign gerðarþola og gerðarbeiðanda, íslenska ríkisins, sem á 25,28% sameignarlandsins. Sameignarlandið er að stærð 176.952 m². Auk þess á íslenska ríkið séreignarspildu innan sameignarlandsins að stærð 23.046 m². Hluti eigenda sameignarlandsins hafa dregið í efa fullan eignarrétt ríkisins af þessu séreignarlandi.

Meðferð og framtíðarnýting sameignarlandsins skiptir gerðarþola miklu. Landeigendur stofnuðu því sérstakt félag, Landeigendafélag Geysis ehf., sbr. fylgiskjal 8, en hlutverk félagsins er að leigja af landeigendum í Haukadál sameignarland þeirra, hverasvæðið í Haukadál, (Geysissvæðið innan girðingar), að byggja það upp og reka svæðið, stuðla að umhverfisvænni nýtingu svæðisins þar sem sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi, að varðveita náttúruminjar svæðisins og þjónusta ferðamenn. Samkvæmt samþykktum félagsins skal arðsemissjónarmiða gætt við rekstur þess. Landeigendafélagið Geysir ehf. kemur fram fyrir hönd hluthafa félagsins og gætir hagsmuna þeirra. Landeigendafélagið Geysir ehf. hefur fullt og ótakmarkað umboð ofangreindra eigenda sameignarlandsins til að koma fram fyrir þeirra hönd.

Hlutfé félagsins er kr. 661.100.- sem samsvarar 66,11% eignarhluta gerðarþola í heildarsvæðinu innan girðingar. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé um allt að kr. 338.900.-. Til þessarar heimildar var stofnað svo íslenska ríkið gæti gerst aðili að félaginu en hlutfallsleg eign íslenska ríkisins í svæðinu innan girðingar er 33,89%, þegar séreignarlandið er meðtalið. Íslenska ríkið hefur ekki sýnt því áhuga að gerst þátttakandi í félagi landeigenda.

Þar sem málavaxtalýsing gerðarbeiðanda er mjög takmörkuð og gefur á engan hátt rétta mynd af samskiptum landeigenda og fulltrúa ríkisins síðustu misseri er rétt að eftirfarandi komi fram:

Landeigendur undirrituðu tilboð um sölu sameignarlandsins til ríkisins 30. apríl 2008. Samningur um sölu öðlaðist ekki gildi þar sem ríkið treysti sér ekki til að kosta og leggja hitaveitu að löndum viðsemjenda sinna eins og um hafði verið samið.

Að frumkvæði landeigenda var haldinn fundur í umhverfisráðuneytinu í nóvember 2011 þar sem kynntar voru hugmyndir landeigenda um stofnun rekstrarfélags um Geysissvæðið og að uppbygging þess og rekstur yrði fjármögnuð með gjaldtöku. Óskað var tilnefningar ráðuneytisins á fulltrúa til viðræðna við landeigendur. Engin slík tilnefning barst.

Í ársbyrjun 2012 sendi lögmaður landeigenda fjármálaráðuneytinu bréf og óskaði eftir að íslenska ríkið samþykkti að sameignarlandið yrði gert að sértakri lóð með sérstöku landnúmeri. Erindinu fylgdi tillaga að stofnskjali (fylgiskjal 35). Íslenska ríkið hefur af óútskýrðum ástæðum ekki fengist til að undirrita stofnskjalið.

Að frumkvæði landeigenda var haldinn fundur í umhverfisráðuneytinu í febrúar 2012, þar sem ræddar voru hugmyndir landeigenda um rekstrarfélag um Geysissvæðið og hugmyndir

landeigenda um uppbyggingu svæðisins og að framkvæmdir og rekstur yrði fjármagnaðar með gjaldtöku. Fundinn sátu einnig fulltrúar fjármálaráðuneytisins. Fulltrúar ríkisins óskuðu eftir tækifæri til að kynna málið fyrir ráðherrum viðkomandi ráðuneyta og að því loknu yrðu landeigendur boðaðir til nýs fundar. Af þeirri fundarboðun varð aldrei.

Í mars 2012 svarar fjármálaráðuneytið ítrekun lögmanns landeigenda og í svarinu komu fram efasemdir ríkisins um aðild að rekstrarfélagi landeigenda og að til stæði að taka upp að nýju viðræður við landeigendur um kaup ríkisins á sameignarlandinu.

Í sama mánuði svaraði ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins fyrirspurn lögmanns landeigenda um aðild ríkisins að rekstrarfélagi landeigenda á þann veg að til stæði að kynna landeigendum fljótlega hugmyndir ríkisins um kaup sameignarlandsins. Sú kynning hefur aldrei farið fram.

Í ágúst 2012 var haldinn kynningarfundur um stofnun landeigendafélags um hverasvæðið við Geysi. Ráðuneytisstjórum umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis voru send fundarboð kynningarfundarins. Enginn fulltrúi íslenska ríkisins sótti kynningarfundinn. Á fundinum voru kynnt áform landeigenda um að uppbygging og rekstur svæðisins yrði kostuð með gjaldtöku.

Í septemberbyrjun berst tölvupóstur frá fjármálaráðuneytinu þar sem fagnað er stofnun landeigendafélags en að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi ákveðið, á þessu stigi, að gerast ekki aðili að félaginu. Stofnfundur landeigendafélagsins var haldinn 5. september og sat fulltrúi Umhverfisstofnunar fundinn fyrir hönd íslenska ríkisins. Á fundinum voru kynnt áform landeigenda um að uppbygging og rekstur svæðisins yrði kostuð með gjaldtöku. Allir eigendur sameignarlandsins, að íslenska ríkinu undanskildu, gerðust stofnaðilar Landeigendafélags Geysis ehf.

Að frumkvæði landeigenda var haldinn fundur með fjármála- og efnahagsráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins í september 2012, þar sem ræddar voru hugmyndir um hugsanlegt samstarf ríkisins og annarra landeigenda um framtíðaruppbyggingu. Landeigendur kynntu hugmyndir sínar um að uppbygging og rekstur svæðisins yrði kostuð með gjaldtöku.

Í desember 2012 er að frumkvæði fjármála- og efnahagsráðherra boðað til fundar með fulltrúum landeigenda og oddvita Bláskógabyggðar. Landeigendur kynntu drög að þjónustusamningi landeigenda og ríkisins. Ráðherra fól starfsmönnum ráðuneytisins að fara yfir drögin.

Í janúar 2013 var ítrekað óskað eftir afstöðu ríkisins til þjónustusamningsins. Sú ítrekun bar árangur því í lok febrúar var haldinn annar fundur með fjármála- og efnahagsráðherra. Á fundinum boðaði ráðherra að væntanleg væri viljayfirlýsing ríkisins um samstarf aðila. Sú yfirlýsing barst aldrei.

Í apríl 2013 er kynnt sú afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ríkið gæti ekki skrifað undir þjónustusamning þar sem gert væri ráð fyrir gjaldtöku. Boðað var að fulltrúar ríkisins kæmu með drög að viljayfirlýsingu eða samstarfssamningi á næsta fundi. Þrátt fyrir fund síðar í þessum mánuði hafa engin drög verið kynnt landeigendafélaginu.

Fulltrúar landeigenda kynntu áform sín um uppbyggingu og rekstur sameignarlandsins fyrir ráðherra ferðamála í júní 2013.

Að frumkvæði landeigendafélagsins og Bláskógabyggðar var í september 2013 auglýst eftir tillögum í hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadál. Í lýsingu verkefnisins segir m.a: *Keppendur taki í tillögum sínum mið af mögulegri gjaldtöku í framtíðinni og nauðsynlegri aðgangsstýringu* (fylgiskjal 22). Fjármála- og efnahagsráðuneytið tilnefndi formann dómnefndar.

Í sama mánuði er ráðuneytum og fjölmörgum hagsmunaaðilum tilkynnt um áform landeigendafélagsins um að standa að uppbyggingu og rekstri sameignarsvæðisins með gjaldtöku.

Í janúar 2014 berst landeigendafélaginu bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem því er m.a haldið fram að íslenska ríkið sé eigandi verulegs hluta lands innan girðingar á Geysissvæðinu og sett er fram sú skoðun ráðuneytisins að gjaldtaka geti ekki talist lögmæt.

Við hæfi er að ljúka þessari staðreyndaupptalningu með tilvísun í svar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra, í viðtali á Bylgjunni 27. janúar sl. Fréttamaður: *Nú á að fara að rukka inn á Geysi, hvað finnst þér um það ? Sigmundur Davíð. Ja, það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Maður þekkir það á ferðum sínum erlendis að það er rukkað inn á staði sem eru mun síður merkilegri en Geysir*, (fylgiskjal 23).

Af framangreindri lýsingu verður það eitt ráðið að allt frumkvæði að uppbyggingu, verndun og hagfelldum rekstri sameignarlandsins á Geysissvæðinu hefur að öllu leyti komið frá landeigendum og félagi þeirra.

Málsástæður og lagarök:

Inngangur:

Í gildandi náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 kemur fram að Umhverfisstofnun hafi ekki hafið friðlýsingarferli á Geysissvæðinu. Fram kemur í gögnum Umhverfisstofnunar, fylgiskjal 24, að Geysissvæðið sé fjölsóttur ferðamannastaður og áætlað stofnunin að allt að 70% af ferðamönnum, sem heimsækja landið árlega, komi að Geysi eða allt að 400.000 manns. Vegna þessa mikla álags ferðamanna hefur Umhverfisstofnun sett svæðið á lista yfir þau 10 verndarsvæði á Íslandi sem eru í hættu að tapa verndargildi sínu. **Svæðið er á rauða listanum**, (fylgiskjal 25). Upplýsingar Umhverfisstofnunar um fjölda ferðamanna kunna að vera nokkuð gamlar en nú er gert ráð fyrir að um 600.000 ferðamenn heimsæki Geysissvæðið á þessu ári.

Um það er í sjálfu sér ekki deilt að svæðið innan girðingar á Geysissvæðinu þolir á engan hátt alla þá umferð ferðamanna, sem skipulagslaust fer um svæðið, (fylgiskjöl 26, 27, 28, 29 og 30) og er ljóst að umferð mun aukast til muna á komandi árum gangi spár eftir. Landeigendur telja því afar brýnt að grípa strax til aðgerða til að annast þessa stýringu og framkvæma þær endurbætur og lagfæringar sem löngu eru tímabærar. Í því skyni var efnt til hugmyndasamkeppni um skipulag svæðisins og voru tillögur kynntar 6. mars sl. Landeigendafélagið vonast til að sátt megi takast um að fela höfundum fyrstu

verðlaunatillögunnar að vinna deiliskipulag svæðisins. Fyrirhugaðar og fyrirjáanlegar framkvæmdir munu kosta hundruðir milljóna og rekstur svæðisins eins og landeigendur sjá hann fyrir sér með leiðsögufólki, upplýsingaskiltum o.þ.h. mun kosta tugi milljóna árlega. Ennfremur hefur verið unnið að öryggisáætlun og hefur svæðisstjóri verðið valinn með tilliti til öryggissjónarmiða. Allt þetta verður ekki gert nema til þess komi fjármagn. Landeigendur og félag þeirra hafa hvorki fjármagn né sjóði til þess að koma svæðinu í það horf sem ferðamönnum er bjóðandi og viðhalda því. Íslenska ríkið hefur hvorki sýnt frumkvæði né vilja til að standa að uppbyggingu svæðisins og er rétt að benda á að Geysir, frægasti hver heims, er á góðri leið að eyðileggjast vegna átroðnings ferðamanna án afskipta ríkisins, fylgiskjal 31.

Íslenska ríkið selur þegar aðgang og áformar að selja aðgang að ferðamannastöðum.

Á sama tíma og gerðarbeiðandi, íslenska ríkið, krefst lögbanns á fyrirhugaða gjaldtöku Landeigendafélags Geysis ehf, gerðarþola, er seldur aðgangur að vinsælum ferðamannastöðum. Má sem dæmi nefna:

- Íslenska ríkið selur aðgang að gjánni Silfru á Þingvöllum.
- Íslenska ríkið auglýsti útboð á rekstri Vatnshellis á Snæfellsnesi í janúar sl. Í útboðslýsingu segir að markmið útboðsins sé m.a. að tryggja að almenningur geti notið Vatnshellis gegn hæfilegu gjaldi (fylgiskjal 32). Hæfilegt gjald mun vera kr. 2000.-
- Íslenska ríkið rekur sögualdarbæinn á Stöng í Þjórsárdal. Aðgangseyrir er kr. 750.- (fylgiskjal 33). Mörg fleiri dæmi hliðstæðrar gjaldtöku mætti nefna.
- Íslenska ríkið tekur gjald af þeim sem nota salerni á Þingvöllum.
- Einstaklingar selja aðgang að Þríhnútagíg, sem er í eigu ríkisins. Gjald er kr. 49.000.-
- Íslenska ríkið áformar að taka upp sérstakan „náttúrupassa“ þar sem stefnt er að gjaldtöku þeirra sem vilja skoða og njóta náttúru landsins. Hefur ráðherra ferðamála boðað frumvarp til laga þar að lútandi.

Þá má öllum vera ljóst að nú þegar er seldur aðgangur að Geysissvæðinu. Það gera þeir sem markaðssetja og skipuleggja ferðir á Geysissvæðið og beina viðskipaaðilum sínum inn á sameignarlandið. Það er og hefur verið krafa ferðaþjónustunnar að aðgangur sé tryggður allt árið og að öryggi ferðamanna sé tryggt.

Á sama tíma og landeigendafélagið vill vinna að framkvæmdum innan sameignarsvæðisins hefur íslenska ríkið ákveðið að draga saman landvörslu á verndarsvæðum um allt að helming.

Sameignarréttindi gerðarbeiðanda og gerðarþola.

Í lögbannsbeiðninni er á því byggt að landeigendur eða félag þess geti ekki tekið ákvarðanir um ráðstöfun sameignar án samþykkis allra eigenda sameignarinnar. Nú byggir gerðarbeiðandi skyndilega á að hann sé í sameignarfélagi með gerðarþola, félagi sem hann hefur með skýrum hætti neitað aðild að. Gerðarþoli hefur ævinlega litið svo á að íslenska ríkið væri með einum eða öðrum hætti í félagi með landeigendum, hvort sem ríkið kysi svo eður ei. Íslenska ríkið er minnihlutaeigandi sameignarlandsins í þessu tilviki og verður að virða vilja mikils meirihluta landeigenda. Það gerir ríkið með samstarfi við Landeigendafélag Geysis ehf. um uppbyggingu, verndun og rekstur sameignarlandsins en ekki með því að stuðla að frekara

athafnaleysi og eyðingu svæðisins. Gerðarbeiðandi hefur með skýrum og afgerandi hætti hafnað tillögum gerðarþola um gjaldtöku, það gerði gerðarþoli strax í apríl 2013, þegar hann tilkynnti gerðarþola að hann gæti ekki gert þjónustusamning um rekstur sameignarsvæðisins, þar sem gert væri ráð fyrir gjaldtöku. Því verður ekki haldið fram að gerðarbeiðanda hafi ekki gefist kostur á að koma skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri og að taka þátt í ákvörðunartöku.

Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar er Geysir á náttúruminjaskrá og fer stofnunin með hagsmunum ríkisins á svæðinu. Gerðarþoli mun að sjálfsögðu sjá til þess að starfsmenn Umhverfisstofnunar og þeir sem sækja svæðið á þeirra vegum hafi óheftan aðgang að svæðinu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt að tryggja beri áfram aðgang almennings, óhindrað og án gjaldtöku. Það virðist gerðarbeiðandi vilja gera með áframhaldandi óskipulagðri ániðslu svæðisins. Gerðarbeiðandi veit vel að gerðarþoli getur ekki sinnt skyldum sínum gagnvart ferðamönnum nema til þess komi fjármagn og það fjármagn verði ekki sótt til annarra en þeirra sem skoða vilja svæðið og njóta náttúru þess.

Það er yfirlýst stefna gerðarbeiðanda að taka upp gjaldtöku með svokölluðum „náttúrupassa“ þannig að boðuð hefur verið almenn gjaldtaka af þeim sem vilja njóta náttúru landsins. Svo virðist sem gjaldtakan eigi að vera á forsendum ríkisins en ekki þeirra landeigenda sem eiga verðmætar náttúruminjar. Ákvörðun gerðarþola um að taka nú upp gjaldtöku getur hvorki talist íþyngjandi fyrir gerðarbeiðanda né raskað réttindum hans.

Um réttindi eigenda sameignarlandsins og rétt gerðarþola til séreignarlandsins.

Geysissvæðið hefur, eins og áður er fram komið, ekki verið friðað samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999, en svæðið er samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar á náttúruminjaskrá. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. gildandi náttúruverndarlaga nr. 44/1999, sbr. 8. tl. 3. gr., sbr. 67. gr. laganna er **umferð um náttúruverndarsvæði háð samþykki eiganda þess eða réttihafa**. Þetta skýra lagaákvæði kemur í veg fyrir einhverja venjuhelgun eins og gerðarbeiðandi vill halda fram og er öllum slíkum vangaveltum harðlega mótmælt. Meirihlutaeigendur sameignarlandsins hafa því fullan og lögvarinn rétt til að stjórna aðgangi að landi sínu og taka gjald af þeim sem skoða vilja land þeirra og njóta náttúru þess.

Í lögbindisbeiðninni kemur fram að ríkið hafi eignast séreignarland innan sameignarlandsins með afsali 1935, (fylgiskjal 2). Þann 9. apríl 1894 seldi Greipur Sigurðsson, bóndi að Haukadal, fyrir sína hönd og sameignarmanna sinna Herra James Craig (junior) á Írlandi hverina Geysi, Strokk, Blesa og Litla Geysi, sem öðru nafni nefnist Ópverrahola, ásamt landspildu sem nánar er lýst í afsalinu, (fylgiskjal 34) Á heimasíðu Umhverfisstofnunar (fylgiskjal 24) kemur fram að Írinn hafi rukkað fyrir aðgang að svæðinu. Í afsalinu segir að „*bóndinn í Haukadal hafi rétt til að hafa umsjón með hverunum fyrir hæfilega borgun þegar kaupandinn sjálfur eða menn hans eru fjarverandi*“. Þetta ákvæði er tekið orðrétt upp í afsalið til ríkisins 1935. Aðilar Landeigendafélags Geysis ehf. sækja rétt sinn til bóndans í Haukadal og hafa eignast þau réttindi sem hann áður hafði, þar á meðal að selja aðgang að séreignarlandi gerðarbeiðanda.

Skilyrði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. ekki uppfyllt.

Til þess að lögbann nái fram að ganga verður gerðarbeiðandi að sanna eða gera sennilegt að athöfnin brjóti gegn lögvörðum rétti hans og réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Gerðarþoli telur einsýnt að hafna beri kröfu gerðarbeiðanda um lögbann og styður kröfu sína eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi mun gjaldtakan ekki leiða til þess að sameignarlandið verði fyrir spjöllum. Þvert á móti er henni ætlað að stuðla að uppbyggingu og vernd svæðisins. Í öðru lagi mun, gerðarbeiðandi, íslenska ríkið, ekki verða fyrir fjártjóni við gjaldtökuna. Þvert á móti mun hún spara ríkinu fjárútlát til uppbyggingar og verndar svæðisins. Gerðarbeiðandi mun hafa beinar tekjur af gjaldtökunni með úthlutun arðs af eignarhluta sínum verði sameignarsvæðið rekið með hagnaði, eins og að er stefnt. Þá mun gerðarbeiðandi hafa tekjur í formi skatta af þeim starfsmönnum sem ráðnir hafa verið til starfa af gerðarþola. Að þessu virtu verður því ekki haldið fram að það sé lögvarinn réttur íslenska ríkisins að hafa sameignarlandið áfram í því ástandi sem það nú er.

Þá verður lögbann ekki lagt við athöfn, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr. laga 31/1990, ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af því að fyrirbyggja hana. Gerðarþolar, eigendur sameignarlandsins, hafa af því verulega hagsmuni að lögbannið nái ekki fram að ganga. Gjaldtaka er eina leið gerðarþola til að standa að uppbyggingu svæðisins og verndun þess með tryggum hætti. Mikið fjármagn þarf til að snúa vörn í sókn og gera svæðið aðlaðandi fyrir þá sem það sækja. Landeigendur geta ekki sótt fjármagn til almennings eins og gerðarbeiðandi gerir með margvíslegum hætti. Hagsmunir gerðarþola af því að lögbanni verði synjað eru margfalt meiri en hagsmunir gerðarbeiðanda, íslenska ríkisins, að lögbannið nái fram að ganga. Það er ætlun gerðarþola, Landeigendafélags Geysis ehf. og þeirra eigenda sameignarlandsins, sem verjast lögbannskröfunni að Geysissvæðið verði sem fyrst tekið af rauða listanum. Sýslumaður stuðlar að því með því að synja um framgang lögbannsins.

Eins og rakið er í greinargerð þessari var fyrirhuguð gjaldtaka kynnt gerðarþola fyrir um 18 mánuðum. Þá var tilkynnt með bréfi í september sl. að gjaldtakan hæfist í ársbyrjun 2014. (fylgiskjal 15). Unnið hefur verið að undirbúningi gjaldtökunnar undanfarna mánuði, starfsmenn ráðnir, unnið að gerð upplýsingaskilta o.s. frv. Skuldbindingar gerðarþola nema milljónum króna. Verði sýslumaður við beiðni gerðarbeiðanda og ákveði að setja lögbann á fyrirhugaða gjaldtöku gerðarþola krefst gerðarþoli að gerðarbeiðanda verði gert að setja fram tryggingu fyrir annars vegar þeim kostnaði sem gerðarþoli hefur þegar undirgengist með skuldbindingum og eins þeim hagnaðarmissi sem hann verður fyrir með setningu lögbannsins. Áskilinn er réttur til að setja þessar kröfur fram með skýrari hætti á seinni stigum málsins, ef þörf krefur.

Reykjavík, 11. mars 2014.

Virðingarfyllst,

f.h. gerðarþola, Landeigendafélags Geysis ehf.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.

Fylgiskjöl:

- Nr. 21. Greinargerð þessi
- Nr. 22. Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal, bls. 5.
- Nr. 23. Útskrift af viðtali við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, á Bylgjunni.
- Nr. 24. Umhverfisstofnun, Geysir í Haukadal.
- Nr. 25. Umhverfisstofnun, svæði í hættu.
- Nr. 26. Umhverfi Geysissvæðisins, ljósmynd.
- Nr. 27. Umhverfi Geysissvæðisins, ljósmynd.
- Nr. 28. Umhverfi Geysissvæðisins, ljósmynd.
- Nr. 29. Umhverfi Geysissvæðisins, ljósmynd.
- Nr. 30. Umhverfi Geysissvæðisins, ljósmynd.
- Nr. 31. Geysir í Haukadal, ljósmynd.
- Nr. 32. Útboð nr. 15575, Rekstur Vatnshellis í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, bls. 1 og 5.
- Nr. 33. Þjóveldisbærinn, Stöng, Þjórsárdal, verðskrá.
- Nr. 34. Afsal Greips Sigurðssonar til James Craig 1894.
- Nr. 35. Tillaga að stofnskjali lóðar.

Til sýslumannsins í Árnessýslu.